

Mál nr. 193/2007

M og Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Slys við fall í hálku sem myndast hafði í tröppum þann 12.02. 2005.

Gögn.

- 1) Málskot mótttekið 04.10. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.10. 2007

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var á leið niður útitröppur á frístundaheimilinu Gufunesbæ þegar hún féll og slasaðist.

M telur að sveitarfélagið sem hún starfar hjá beri ábyrgð vegna þessa. Hún telur að aðbúnaði hafi verið ábótavant. Það hafi verið óábyrgt að eyða ekki hálku úr tröppunum sem séu þar að auki háar og brattar.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Steypt handrið sé meðfram tröppunum og þær hvorki hærri né brattari en gengur og gerist og í samræmi við það sem týðkaðist á byggingartíma hússins. Gera verði kröfu til aðila að þeir gæti að sér einkum á þeim árstíma þegar von er á hálku og frosti. M hafi og mátt vera kunnugt um ástand trappa þennan morgun sbr. nánar röksemdafærslu félagsins.

Álit.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið sýnt fram á að óhapp þetta megi rekja til vanrækslu eða vanbúnaðar sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Tjónsatburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. nóvember 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.